

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
b.t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavíkflugvelli, 5. júní 2015

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018 (770. mál)


Með ofangreindri þingsályktunartillögu hyggst Alþingi álykta, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 33/2008, að á árunum 2015–2018 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við fyrirhugaða verkefnaáætlun sem er hluti af og innan ramma samgönguáætlunar fyrir árin 2011–2022 þar sem mörkuð er stefna og markmið sett fyrir allar greinar samgangna á gildistíma áætlunarinnar.

Í fyrirliggjandi tillögu er meðal annars fjallað um fjármögnun mislægra gatnamóta á mörkum Krýsuvíkurveggar og Reykjanesbrautar en gert er ráð fyrir að 1.000 milljónum verði varið til þessara framkvæmda árið 2018. Icelandair telur mikilvægt að ráðist verði fyrir í þessa framkvæmd vegna þeirrar uppbyggingar sem fyrirhuguð er í Vallahverfi Hafnarfjarðar. Þar má nefna að Icelandair stendur nú að umfangsmiklum framkvæmdum á Flugvöllum þar sem opnað hefur verið þjálfunarsetur en jafnframt er áætlað að færa hluta af starfsemi fyrirtækisins þangað að frekara leyti.

Með vísan til þess sem að ofan greinir má ætla að mikil umferð verði á svæðinu af hálfu áhafna og annarra starfsmanna Icelandair. Áhafnir koma til með að mæta til starfa á Flugvöllum og áhafnarútur sem fara til Keflavíkurflugvallar þurfa þá að keyra í gegnum hverfið. Þessar breytingar á starfseminni munu koma til framkvæmda strax í haust þannig að veruleg umferðaraukning mun verða á svæðinu frá þeim tíma. Að mati Icelandair eru núverandi gatnamót á svæðinu ekki fullnægjandi til þess að anna aukinni umferð á svæðinu. Það er því öryggisatriði að koma á fót mislægum gatnamótum sem allra fyrst.

Í ljósi ofangreinds leggur Icelandair áherslu á að umræddri framkvæmd verði flýtt og komi hún til framkvæmda eigi síðar en árið 2016.

Virðingarfyllst,
f.h. Icelandair ehf.


Ari Guðjónsson hdl.